

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. október 2018
Lagt fram að nýju 16. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að minnka mismun í námsárangri barna innflytjenda og annarra barna

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að minnka eða útrýma þeim mismun sem myndast hefur á milli barna innflytjenda og annarra barna hvað varðar námsárangur og þátttöku í íþróttum og tómstundum. Lagt er til að námsráðgjöf og heimanámsaðstoð til barna innflytjenda verði eflað og skimað sérstaklega eftir námsörðugleikum í þessum hópi barna.

Greinargerð:

I. Inngangur

Börn innflytjenda eiga rétt á sömu tækifærum og önnur börn í íslensku skólakerfi. Að sama skapi ættu þau að eiga aðgang til jafns við önnur börn til þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi. Undirritaðir fulltrúar telja að málinu hafi verið beint í réttan farveg með því að leggja tillögu þessa fram í mannréttinda- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar, sbr. 2. og 3. gr. samþykkt ráðsins eins og gert var með tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 13. september síðastliðinn.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir meðal annars að allir skuli njóta jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða eða annarrar stöðu. Þá segir að Reykjavíkurborg skuli meðal annars „ tryggja þátttöku foreldra af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi barna sinna og aðgengi þeirra að upplýsingum“.

Tillagan rímar einnig við stefnuyfirlýsingu í meirihlutasáttmála Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022, sbr. eftirfarandi (sjá neðarlega á bls. 13):

„Stutt verði við börn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli, meðal annars með stuðningi við grasrótarsamtök sem annast móðurmálskenndu barna af erlendum uppruna og stuðlað að aukinni þátttöku þeirra í frístunda- og félagsstarfi.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að tillagan verði samþykkt í borgarstjórn svo að málið fái skjóttan framgang innan borgarkerfisins og leitað verði skjótra úrbóta, enda lýtur hún að mannréttindum barna sem tilheyra þessum hópi.

II. Námsárangur

Réttur til náms við hæfi er meðal annars verndaður í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, grunnskólalögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að.

Sé litið á samanburð á milli OECD landanna hvað varðar árangur barna innflytjenda í lesskilningi kemur í ljós að staðan á Ísland er slæm og árangurinn fyrir neðan meðaltal (OECD, 2015, bls. 28).

Einnig er vísað til eftirfarandi glæru úr kynningu Sigríðar Ólafsdóttur, HÍ, sem sýnir að árangur barna innflytjenda á PISA prófi fer hrakandi:¹

Börn innflytjenda hafa sömu væntingar og aðrir til langskólanáms og því er mikilvægt að þau hafi frá byrjun sömu tækifæri til náms og aðrir.

III. Íþróttir og tómstundir

Nýjar rannsóknir sýna að þátttaka barna af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi er

¹ Sjá einnig: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/02/14/bregdast_tharf_vid_vanda_innflytjenda/

minni en annarra barna. Sem dæmi má nefna fyrirlestur Margrétar Lilju Guðmundsdóttir, félagsfræðings á alþjóðlegri ráðstefnu um jafnrétti í íþróttum sem fór fram í Háskólanum í Reykjavík í ágúst sl. og rannsóknir Rannsóknna og greiningar á ungu fólki og þátttöku íslenskra unglunga í félagsstörfum.

Í frétt um framangreint sagði eftirfarandi:

„Erlend börn taka síður þátt.

Áhyggjur Margrétar snúa frekar að jaðarsettum hópum. Í könnun Rannsóknna og greiningar kemur fram að 36% barna í 8.-10. bekk, sem tala eingöngu íslensku heima hjá sér, taka ekki þátt í skipulögðu tólmundastarfi í hverri viku. Þegar litið er til barna sem tala íslensku ásamt öðru tungumáli heima er hlutfallið 46% og hjá börnum sem tala einungis annað tungumál heima fyrir er það 56%.“²

Þessi staða er óboðleg og til þess fallin að auka á aðstöðumun á meðal barna í grunnskólum eftir uppruna þeirra, þjóðerni, tungumáli eða öðru sem leiðir af stöðu þeirra sem börn innflytjenda. Því leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að Borgarstjórn Reykjavíkur taki skýra afstöðu í málinu og beiti sér fyrir því að ráðin verði bót á stöðu þessara barna.

² Sjá hér: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/17/islenska_modelid_virkar/